

## Fundargerð



450. fundur sveitarstjórnar Reykhólahrepps haldinn þriðjudaginn 14. Apríl 2020 kl. 15:00. Fundurinn er haldinn á skrifstofu Reykhólahrepps og í gegnum fjarfund. Mættir eru Árný Huld Haraldsdóttir, Ingimar Ingimarsson, Ágústa Ýr Sveinsdóttir, Embla Dögg Bachmann Jóhannsdóttir og Jóhanna Ösp Einarsdóttir. Oddviti ritaði fundargerð og er hún 5 blaðsíður.

Oddviti setur fundinn og bauð alla velkomna. Samþykkt að „Fjörður-byggingaleyfi“, „Kleifarstaðir-Viðbyggingaleyfi“ og „Bréf frá áhaldahúsi“ verði tekin inn sem mál til afgreiðslu.

### Dagskrá:

#### Fundargerðir nefnda sveitarfélagsins

**1. 449. fundargerð sveitarstjórnar Reykhólahrepps.**

Sveitarstjórn fer yfir fundargerðina og samþykkir hana.

**2. Fundargerð velferðarnefndar 2.4.2020.**

Jóhanna Ösp sem situr í nefndinni fyrir Reykhólahrepp fer yfir fundargerðina.

Varðandi 3. lið b)

Sveitarstjórn samþykkir að jafnréttismál sveitarfélagsins fari í gegnum mennta- og menningamálanefnd sveitarfélagsins að svo stöddu. Sveitarstjórn mun í framhaldi taka til umræðu hlutverk og uppröðun nefnda sveitarfélagsins.

Fundargerðin að öðru leiti samþykkt.

**3. Fundargerð mennta- og menningamálanefndar 8.4.2020.**

Árný Huld formaður nefndarinnar fer yfir fundargerðina.

Varðandi 5. lið.

Sveitarstjórn vill þakka umsækjendum um leikskólastjóra kærlega fyrir umsóknirnar. Sveitarstjórn samþykkir að fela oddvita að ganga til viðræðna við báða aðila um stöðu leikskólastjóra annars vegar og leikskólakennara hins vegar.

Varðandi 6. lið.

Sveitarstjórn fagnar nýjunginni og tekur undir að mikilvægt sé að jafna möguleika barna til náms óháð staðsetningu. Sveitarstjórn felur oddvita að ganga frá þjónustusamning við Í skýjunum hf. um rekstur Ásgarðs – skóla í skýjunum, með fyrirvara líkt og greint er frá í fundargerðinni.

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að Ásgarður-skóli í skýjunum verði kynntur sem fyrst fyrir íbúum Reykhólahrepps.

Fundargerðin að öðru leiti samþykkt.

## Mál til afgreiðslu

### 4. Starf sveitarstjóra.

Oddviti leggur fram svohljóðandi tillögu:

„Sveitarstjórn Reykhólahrepps hefur ákveðið að slíta samstarfi við Tryggva Harðarson sveitarstjóra. Ástæða starfsloka er ólík sýn á verkefni á vettvangi sveitarfélagsins. Telja aðilar sveitarfélaginu fyrir bestu að leiðir skilji.

Oddvita er falið að senda Tryggva uppsagnarbréf sem tekur gildi frá næstu mánaðarmótum, en eftir 15. apríl hefur Tryggvi ekki viðveru- eða vinnuskyldu. Uppsagnarbréf lagt fyrir og samþykkt af sveitarstjórn.

Sveitarstjórn hefur ákveðið að auglýsa starf sveitarstjóra á nýjan leik. Oddvita er falið að hafa samband við ráðningastofur og fá tilboð í ferlið.

Sveitarstjórn samþykkir að fella niður prókúru fráfarandi sveitarstjóra frá og með 15. apríl og samþykkir að veita oddvita, Árnýju Huld Haraldsdóttur, prókúru á reikningum sveitarfélagsins frá sama tíma og þar til nýr sveitarstjóri hefur verið ráðinn. Skrifstofustjóri, Guðrún Guðmundsdóttir, hefur heimild til að greiða reikninga fyrir sveitarfélagið þar til breyting á prókúru hefur gengið í gegn.

Jafnframt mun sveitarstjórn semja við oddvita, Árnýju Huld Haraldsdóttur, um að sinna starfi sveitarstjóra frá 15. apríl, þar til annar sveitarstjóri hefur verið ráðinn.

Sveitarstjórn óskar Tryggva velfarnaðar og þakkar honum fyrir sín störf fyrir Reykhólahrepp.“

Ingimar Ingimarsson bókar eftirfarandi:

„Spurningar vegna starfsloka sveitarstjóra. Óskað er eftir skriflegum svörum á fundi 14.04.2020 áður en gengið er til atkvæðagreiðslu um uppsögn sveitarstjórans

- 1) Var reynt að ná samkomulagi við Tryggva Harðarson?
  - a) Hvernig var staðið að því?
  - b) hver fór fyrir hönd meirihluta sveitarstjórnar?
  - c) Afhverju gekk það ekki upp?
- 2) Nú er ljóst að um einhliða uppsögn er að ræða. Skv 21. gr stjórnarsýslulaga (1993 nr. 37) er skylda stjórnvalds að rökstyðja ákvörðun sína. Sá rökstuðningur er ekki í gögnum fundarins. Hvar er sá rökstuðningur? (Ég óska eftir að hann verði birtur á þessum fundi, sé hann til.)
- 3) Þar sem um einhliða uppsögn er að ræða. Og ákvörðunin því stjórnvaldsákvörðun ber að tilkynna málsaðilum um andmæla rétt sinn. Hefur það verið gert?
  - a) Hvar kemur sú tilkynning fram? (Ég óska að sú tilkynning verði birt á fundinum)
  - b) Hefur sveitarstjórinn nýtt þennan andmælarétt sinn?
  - c) Ef sveitarstjóri hefur nýtt andmælarétt sinn afhverju koma þau andmæli ekki fram í gögnum fundarins? (Ég óska að andmæli sveitarstjóra verði birt á fundinum)
- 4) Hver telur meirihlutinn að kostnaðurinn verði við sveitarstjóraskiptin?“

Árný Huld Haraldsdóttir bókar eftirfarandi:

„Það kemur fram í bókuninni frá sveitarstjórn hverjar ástæður uppsagnarinnar eru. Ólík sýn á verkefni sveitarfélagsins eru ástæða uppsagnarinnar. Sá sem stendur í brúnni verður að hafa fylgi sveitarstjórnar til að geta sinnt því starfi. Samkomulag um

starfslok varð ekki, enn og aftur, vegna ólíkrar sýnar á verkefni sveitarfélagsins. Þar sem um pólitíska ráðningu er um að ræða þarf ekki að rökstyðja ákvörðunina frekar. Andamælaréttur á ekki við því Tryggvi er ekki sakaður um brot í starfi. Kostnaður við sveitarstjórskiptin verða tekin saman eins fljótt og hægt er og viðauki tekinn fyrir á sveitarstjórnarfund. Við gerum okkur fyllilega grein fyrir að aukinn kostnaður falli á sveitarfélagið.“

Ingimar Ingimarsson leggur fram svohljóðandi tillögu:

„Frávísunartillaga: Ég undirritaður Ingimar Ingimarsson legg til að þessu máli verði frestað til næsta fundar. Enda er augljóst að það er mjög vanreifað. Gögnin komu seint til sveitarstjórnarmanna eða klukkutíma fyrir fund. Í gögnunum fyrir fundinn lá fyrir samningur sem enginn hefur undirritað, að samkomulagi sem ekki varð. Ætlast er til þess að sveitarstjórn samþykki í staðin órökstudda uppsögn sveitarstjóra á þessum fundi. Þar er um skýrt lögbrot að ræða gagnvart stjórnsýslulögum og brot gegn kjarasamningum. Ég mælist því til þess að meirihlutinn taki sig til og annaðhvort nái samkomulagi um starfslok við Tryggva Harðarson fyrir næsta fund eða komi á næsta fund með rökstutt uppsagnarbréf.“

Frávísunartillaga Ingmars tekin fyrir til kosningar. Ingimar Ingimarsson kýs með tillögunni en Árný Huld Haraldsdóttir, Jóhanna Ösp Einarisdóttir, Ágústa Ýr Sveinsdóttir og Embla Dögg Bachmann Jóhannsdóttir kjósa á móti tillögunni.

Tillaga odvita um að slíta samstarfi við sveitarstjóra tekin fyrir til kosningar. Árný Huld Haraldsdóttir, Jóhanna Ösp Einarisdóttir, Ágústa Ýr Sveinsdóttir og Embla Dögg Bachmann Jóhannsdóttir kjósa með tillögunni en Ingimar Ingimarsson kýs á móti tillögunni.

Ingimar Ingimarsson bókar eftirfarandi:

„Undirritaður er mjög ósáttur við samráðsleysið í kringum uppsögn Tryggva Harðarsonar sveitarstjóra Reykhólahrepps. Þetta er ekki til að bæta starfsandann í sveitarstjórn eða byggja upp traust á nýjum oddvita. Hingað til hefur sveitarstjórn staðið saman að flestum málum og undirbúið í sameiningu. Þar hefur gilt einu hvort um er að ræða mál þar sem allir eru sammála eða ekki. Meirihlutinn virðist ekki ætla að starfa eftir þessum háttum og er það miður.

Það er vægast sagt einkennilegt að meirihlutinn keyri málið fram að svo mikilli hörku sérstaklega á þessum fordæmalausum tímum. Tímasetingin ein vekur furðu. Íslenskt samfélag liggur á hlið vegna veirufaraldurs, kærufrestur vegna framkvæmdarleyfis Vestfjarðarvegar 60 er í fullum gangi og kærur komnar og eiga eftir að koma, samdráttur vegna covid 19 fyrirsjáanlegur og Reykhólahreppur á mörkum þess að verða neyddur til sameiningar vegna smæðar. Þessir yfirvofandi þættir og sú staðreynd að nú er mitt kjörtímabil sveitarstjórnar, ættu að kveikja á viðvörunarbjöllum gagnvart öllum stórum breytingum. Það að koma nýjum sveitarstjóra í starf er ærið verkefni og dýrt.

Betra hefði verið að leyta samkomulags við sveitarstjórnann um starfslok hans enn að æða fram með óundirritaðan starfslokasamning eins og birt var í gögnum fundarins. Samkomulag er einmitt aðalatriðið í samningum, ef ekki er samkomulag þá er enginn samningur, heldur ákvörðun annars aðilans. Í tilfelli stjórnvalds, sem sveitarstjórn er, þá er það stjórnvaldsákvörðun og hana þarf að rökstyðja. Þess vegna efast ég um lögmæti uppsagnarinnar enda fylgir henni enginn rökstuðningur og starfsmanni ekki

gefin réttur á andmælum eða honum vísað á andmælarétt sinn. Ég hef því engan áhuga að fylgja meirihluta sveitarstjórnar Reykhólahrepps í þessari lögleysu, frekar en öðrum lögleysum.

Það var með trú á samvinnu og sáttir að ég sættist á það að starfa sem varaoddviti. Með þessum leik meirihlutans hefur sú trú brostið. Ég er því tilneyddur af meirihlutanum að starfa að málefnum Reykhólahrepps í minnihluta. Ég lofa því að sá minnihluti verður ákveðinn og fylgin sér gagnvart öllum málum sem tengjast Reykhólahrepp.“

## **5. Covid-19.**

Sveitarstjórn staðfestir á fundi bréf sem var sent út á heimasíðu sveitarfélagsins miðvikudaginn 8. apríl 2020.

Yfirlit yfir smit og sóttkví á vestfjörðum kynnt fyrir sveitarstjórn.

Farið yfir bréf frá Íþrótt- og Ólympíusambandinu um stuðning sveitarfélaga við Íþróttafélögin. Oddvita falið að klára samningagerð við Íþróttafélagið Aftureldingu um styrktarsamning hið fyrsta.

Jóhanna Ösp kynnti hugmyndir varðandi vinnuskóla, með tilliti til takmarkana í landinu vegna Covid-19, í sumar.

Ágústa Ýr gerði grein fyrir fundum vettvangsstjórnar.

Sveitarstjórn vill þakka starfsmönnum og íbúum sveitarfélagsins kærlega fyrir dugnað, umburðarlyndi og sveigjanleika síðustu vikunar.

## **6. Flatey-brunamál.**

Farið yfir bréf frá formanni Flateyjarveitna. Vilji er hjá sveitarstjórn til að gera bætur í þessu máli. Formanni skipulags-, húsnæðis- og hafnarnefndar í samráði við slökkviliðsstjóra, skipulags- og byggingafulltrúa falið að skoða klára málið.

### **Mál til kynningar:**

#### **7. Frestun aðalfundar Lánasjóðs Sveitarfélaga.**

Kynnt fyrir sveitarstjórn.

#### **8. Bréf frá Breiðafjarðarnefnd.**

Kynnt fyrir sveitarstjórn.

### **Önnur mál:**

#### **9. Fjörður – byggingaleyfi**

Samþykkt að fela byggingafulltrúa að veita byggingaleyfi fyrir framkvæmdinni enda falli hún að skipulagi sveitarfélagsins og gegn því að fullnægjandi gögnum sé skilað inn.

#### **10. Kleifastaðir – byggingaleyfi**

Samþykkt að fela byggingafulltrúa að veita byggingaleyfi fyrir framkvæmdinni enda falli hún að skipulagi sveitarfélagsins og gegn því að fullnægjandi gögnum sé skilað inn.

## 11. Bréf frá áhaldahúsi

Oddvita og skrifstofustjóra falið að gera viðauka í samstarfi við starfsmenn áhaldahúss og leggja fyrir sveitarstjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17:30.

---

---

---

---

---

---